

Stjórnarfundur FKA #2 - fundargerð
Starfsár 2022 - 2023

Staður: B35
Dagsetning: 31.05.2022
Tími: 11.30 – 13.30

Mættar: Dóra Eyland (DE), Edda Rún Ragnarsdóttir (ERR), Elfur Logadóttir (EL), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Íris Ósk Ólafsdóttir (ÍÓÓ), Katrín Kristjana Hjartardóttir (KKH), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Sigrún Jenný Barðadóttir (SJB) og Unnur Elva Arnardóttir (UEA) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR).

Dagskrá fundarins var eins og merktir liðir bera með sér.

11.30 – 11.40	1	Opnun – hringur hjá stjórnarkonum - 1 mínúta á stjórnarkonu, hvernig er staðan og hvernig gengur í lífinu
11.40 – 11.50	2	Skýrsla framkvæmdastjóra - Nokkrir viðburðir framundan, samþykktar starfsreglur á heimasíðu félagsins - Jafnvægisvog FKA 2022 – áætluð dagsetning 12. okt kl. 12:00 bein útsending á RÚV. Nýr samstarfssamningur undirritaður síðari hluta júní við forsætisráðuneytið. - Landbyggðarráðstefna – áætluð dagsetning 23. september. Torg til í samstarf, eru í samstarfi við FKA fyrir Viðurkenningarhátíð sem fer stækkandi milli ára. Gerir sérblað fyrir okkur í tengslum við þann viðburð og eru tilbúin að gera það sama fyrir Landsbyggðarráðstefnu í haust – verður skoðað nánar þegar nær dregur. - Fjárreiður félagsins eru góðar sem og innheimtur - Rætt að gegnsætt þurfi að vera hvaða félagskonur eru að fá afslátt af félagsgjöldum og ástæður þess. Gjaldkeri beðinn um að semja leiðbeinandi reglur fyrir komandi starfsár ásamt fjármálaráði FKA. - KKH benti á að heppilegt gæti verið að eiga lágmarksupphæð inn á reikning félagsins og jafnvel lögbinda slíkt ákvæði - AR segir talsvert nýtt umfang vera að bætast á félagið og það væri heppilegt að félagið væri tilbúið til að taka á móti því. - Heimasíða FKA – Tækniráð þarf að fara yfir stöðuna á því verkefni. - SJB bendir á hvort að félagið geti fjárfest í aðstöðu, starfsmanni í takt við stækkun félagsins og skapa mögulega tekjumöguleika fyrir félagið með útleigu á húsnæði.
11.50 – 12.10	3	Hlutverk stjórnar – skipað var til varaformanns, gjaldkera og ritara (SHP) Varaformaður: Edda Rún Ragnarsdóttir, Elfur Logadóttir og Unnur Elva Arnardóttir buðu sig fram til varaformanns og fengu 1 mínútu hver til kynningar. Gengið var til kosninga. Niðurstaðan var sú að Unnur Elva Arnardóttir var kjörin varaformaður FKA 2022-23. Gjaldkeri: Katrín Kristjana Hjartardóttir bauð sig fram og verður starfandi gjaldkeri félagsins á komandi starfsári. Ritari: Dóra Eyland bauð sig fram og mun rita stjórnarfundir á komandi starfsári.
12.10 – 13.00	4	Verkefni stjórnar – hlutverkaskipan (SHP/AR)

		a. Opnunarviðburður – sameiginlegur viðburður allra stjórnarkvenna – tillaga að dagsetningu var 8. september. Finna þarf vettvang sem rúmar 250 konur. b. Fjölmiðlaverkefni – ERR og ÍÓÓ munu sinna þessu verkefni og er fundur áætlaður 1. júní með RUV. c. Landsbyggðaráðstefna – ÍÓÓ og DE munu sinna verkefninu ásamt Jóhönnu Hildi formanni FKA Norðurland sem og fulltrúum allra landsbyggðardeilda. Áætluð dagsetning fyrir landsbyggðaráðstefnuna er 23. september. d. Jafnvægisvog – UEA, KHH og GG eru fulltrúar stjórnar í Jafnvægisvog FKA 2022. Fyrirhuguð dagsetning er 12. október með beinni útsendingu frá RUV. e. FKA viðurkenningarhátíð – ERR og GG munu taka þetta verkefnið að sér á komandi starfsári. Stjórnarkona situr í dómnefnd fyrir hönd stjórnar. f. Sýnileikadagur 2023 – DE, SJB og KKH eru tengiliðir stjórnar FKA í verkefninu ásamt Sýnileikanefnd. Auglýst verður eftir Sýnileikanefnd í haust. g. Aðalfundur – sameiginlegur viðburður allra stjórnarkvenna. Undirbúningur hefst strax eftir áramót. Áætluð dagsetning er fyrstu tvær vikurnar í maí. h. Alþjóðatengsl – SHP og SJB eru tengiliðir stjórnar í alþjóðatengslum. AR minnir á FKA New Icelanders og alþjóðanefnd. i. Nýliðamóttökur – SHP + UEA ásamt DE munu tengjast nýliðamóttökum. Finna þarf dagsetningar fyrir nýliðamóttökum í haust (raun) og eftir áramótin (raf) og miðla til fræðslunefndar. j. Stefnumótun og framfylgni laga – SHP og EL fylgja þessu verkefni mikilvæga verkefni eftir. SHP leggur til að þessari vinnu fylgi yfirheitið Innra skipulag sem er í umsjá EL – þar fellur undir Tækniráð (sjá síðar í fundargerð). k. Samskipti (SHP/AR) - Hlaðvarp – kynning síðar í vikunni til félagskvenna - Instagram – (KKH) KKH óskar eftir aðstoð með Instagram – DE, ERR og ÍÓÓ verða með í umsjón á miðlinum - FB/LinkedIn (AR) - Tækniráð - EL er fulltrúi stjórnar í Tækniráði. Það fellur undir Innra skipulag og tekur m.a. til þróun á heimasíðu félagsins. l. Nefndir og deildir FKA (AR/SHP/UEA) – heitt á könnunni 9. júní fyrir nefndir – annars fundir í haust þegar félagsstarf hefst formlega. 9/6 - Allar sem geta mæta í B35 kl. 16:00 17/8 - Allar sem geta mæta í B35 kl. 16:00 EL leggur til að úthluta dögum þegar við hittum á nefndir, hver nefnd eigi sinn dag í mánuðinum ef halda á viðburði (fyrsta fimmtudag, þriðja fimmtudag o.s.frv.) koma þannig betra skipulagi á viðburðardagatal. AR ætlar að hvetja
--	--	--

		nefndir til að vera í samstarfi og samfloti. EL segir frá ábendingu sem kom fram á AFKA að hafa ekki alltaf síðdegishittinga kl. 17 heldur stundum að hafa þá seinna að deginum til að fleiri félagskonur eigi tækifæri til að mæta, t.d. félagskonur sem eiga og vinna í verslunum. AR bendir á að það er oft lægð yfir sumartímann en ef það er eitthvað sem stjórn vilji setja á dagkrá þá sé sá möguleiki fyrir hendi. KHH leggur til að fá Fanney Skúla til að koma og vera með kynningu á samfélagsmiðlum í byrjun ágúst. Stjórn styður þá tillögu heilshugar.
13.00-13.10	5	Starfsreglur stjórnar Hringur tekinn, stjórnarkonur voru beðnar um að undirbúnar, hafa rýnt skjalið og sent ábendingar til EL fyrir fund svo hægt sé að samþykka. Starfsreglur stjórnar FKA voru einróma samþykktar og verða birtar á heimasíðu félagsins. Umræður um starfsreglur v/lækkunar félagsgjalda, gjaldkeri mun skoða nánar og koma með tillögu í haust í samráði við fjármálaráð.
13.10-13.20	6	Viðburðir stjórnar og starfsemi - BPW (SHP) – 17. Evrópuráðstefna BPW (Business Professional Women) var sl helgi og átti FKA nokkra fulltrúa á ráðstefnunni. Sigríður Hrund formaður FKA var með ræðu og sat í umræðu panel, Thelma Kristín Kvaran formaður FKA Framtíðar og verkefnastjóri Jafnvægisvogar FKA var með málstofu um Jafnvægisvog FKA. Málstofan var afar vel sótt og mikið um spurningar frá ráðstefnugestum. FKA færir BPW Iceland innilegar þakkir fyrir tækifærið til að koma íslenskum konum á framfæri og miðla jafnréttisvegferð Íslands sterkt til erlendra kvenna í viðskiptum. - Jon Sigurdsson dagur (SHP/AR) –FKA var boðinn styrkur frá ræðismanni Íslands í Winnipeg til að sækja hátíðarhöld á 17. Júní. Thelma Kristín Kvaran var tilnefnd frá hálfu framkvæmdastjóra og samþykkt einróma af stjórn. Öllum FKA konum sem vilja og geta er boðið að taka þátt í hátíðarhöldunum. Alla vega tvær konur hafa sýnt áhuga og mun stjórn gera sitt allra besta til að gera för þeirra sem greiðfærasta. - JV samningur við forsætisráðuneytið (AR) – endurnýjun á samningi Jafnvægisvogar FKA við forsætisráðuneytið mun eiga sér stað 22. júní nk. Fjárframlag verður minnkað að ósk forsætisráðuneytisins sem þýðir að FKA mun sækja fjármagn í auknum mæli til einkafyrirtækja til að styðja við verkefnið. - Sumarfrí FKA – skrifstofan er lokuð frá miðjum júní fram yfir verslunarmannahelgi. Nánari tímasetningar verða sendar til félagskvenna í markpósti sem og á vef félagsins. - Hópefli stjórnar verður mánudaginn 15/8.

13.20 – 13.30	6	Önnur mál a) Fjalladrottningar og Hlaupadrottningar (ERR) – báðir hópar munu fara af stað með komandi hausti. b) Utanríkisráðuneytið hafði samband við FKA vegna opunar sendiráðs Íslands í Varsjá nk haust. Þessi liður var ekki tekinn fyrir – búið er að hafa samband við UTN til að afla frekari upplýsinga. c) Afsláttur á félagsgjöldum vegna AWE hraðals - SHP lagði fram tillögu um að veita þeim konum sem taka þátt í AWE nýsköpunarhraði HÍ sem er samstarfsverkefni við FKA og bandaríska sendiráðið helmingsafslátt af félagsgjöldum FKA í eitt ár. Tillagan verður skoðuð á næsta stjórnarfund í tengslum við nýjar leiðbeinandi reglur gjaldkera og fjármálaráðs FKA í haust. d) Leiðtoga Auður – AR lét vita að gerð hefði verið könnun á meðal LeiðtogaAuða FKA hvort sú deild vildi vera áfram undir hatti FKA. Niðurstaða könnunarinnar verður á gerð ljós á komandi aðalfundi deildarinnar. Fundi slitið 13:48
---------------	---	--